



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS SÆMDUR HEIÐURSORÐU GRÆNLENSKA ÞINGSINS

Forseti grænlenka þingsins Lars-Emil Johansen sæmdi í dag, fimmtudaginn 19. maí 2016, forseta Íslands Ólaf Ragnar Grímsson Nersornaat, heiðursorðu grænlenka þingsins, fyrir framlag hans og forystu í málefnum Norðurslóða og fyrir samstarf við Grænland. Athöfnin fór fram á lokafundi Grænlandsþings Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle sem haldið hefur verið í Nuuk.

Í ávarpi þakkaði forseti Íslands þann mikla heiður sem sér væri sýndur og lýsti samstarfi sínu við forystumenn Grænlands og hve mikilvæg staða Grænlands væri í framtíðarskipan Norðurslóða. Hann væri djúpt snortinn vegna ákvörðunar grænlenka þingsins um að veita sér þennan heiður.

Myndir frá athöfninni má nálgast á heimasíðu forsetaembættisins, forseti.is.

19. maí 2016

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).